



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 2.07.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

Úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð

Lögð fram tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 26. júní 2020, um endurskoðaðar reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð.

Samþykkt.

Vísað í borgarráð.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: tillaga dags. 26. júní 2020.



Skipulags- og samgönguráð

Endurskoðaðar reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð

Óskað er staðfestingar skipulags- og samgönguráðs á meðfylgjandi endurskoðuðum reglum um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð. Um er að ræða reglulega endurskoðun á reglunum og lagt er til að þær verð næst endurskoðaðar árið 2025.

Sú breyting er lögð til frá gildandi reglum, að felld verði á brott heimild sendiráða til að óska eftir fleiri en tveimur sérmerktum bílastæðum í borgarlandi. Þar með er fest það viðmið sem getið er í reglunum, að sendiráðum verði að jafnaði ekki úthlutað fleiri en tveimur stæðum í borgarlandi.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar frá gildandi reglum.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri

Hjálagt:
Endurskoðaðar reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð.



Reykjavíkurborg

REGLUR UM ÚTHLUTUN SÉRMERKTRA BÍLASTÆÐA FYRIR SENDIRÁÐ

Sendiráð í Reykjavík geta sótt um að fá úthlutað sérmerktum bílastæðum utan eigin lóðarmarka á borgarlandi.

Umsóknir um sérmerkt bílastæði skulu berast skriflega til skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur sem samþykkir eða hafnar umsókninni.

Reykjavíkurborg mun hafa sem viðmiðunarreglu að úthluta hverju sendiráði tveimur sérmerktum bílastæðum þar sem því verður við komið vegna aðstæðna á hverjum stað. Annað af tveimur stæðum má vera við bústað sendiherra, verði því við komið eða við aðrar skrifstofur þeirra.

Reglur þessar gilda ekki um ræðismannsskrifstofur.

Sérmerktum bílastæðum verður ekki úthlutað innan Miðborgar Reykjavíkur. Á gjaldskyldum svæðum skal greitt gjald fyrir sérmerkt stæði samkvæmt gjaldskrá Bílastæðasjóðs Reykjavíkur.

Úthlutun sérmerktra bílastæða til sendiráða skal endurskoðuð á 5 ára fresti, næst í júní 2025. Endurskoðunin skal einnig ná til þeirra sérmerktu bílastæða sem þegar hefur verið úthlutað til sendiráða í Reykjavík.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu borgarráðs og frá sama tíma falla úr gildi eldri reglur um úthlutun sérmerktra bílastæða fyrir sendiráð frá 7. júlí 2011.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs þann XX. júní 2020 og staðfest í borgarráði þann XX. júlí 2020.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri